

**Breytingartillögur borgarfulltrúa Framsóknarflokksins við fjárhagsáætlun
Reykjavíkurborgar 2026**

B-1 Tillaga um móttökudeildir til að auka íslenskukennslu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að setja á fót móttökudeildir fyrir börn af erlendum uppruna sem eru í ný íslensku skólakerfi og tala ekki íslensku. Móttökudeildirnar skulu vera starfræktar fyrir 1.-10. bekk. Markmið þeirra er að skapa mjúka lendingu í skólakerfið og byggja upp góða færni nemenda í íslensku áður en þeir hefja nám inni í almennum bekk. Að jafnaði verði barn ekki lengur í móttökudeild en í 3-6 mánuði, en ákvörðun um það byggi á einstaklingsbundnu mati. Mikilvægt hlutverk móttökudeilda verður einnig að kynna íslenskt samfélag og skólaumhverfi fyrir börnum og foreldrum þeirra. Með því að hafa móttökudeildir í öllum skólum gefst börnum tækifæri til þess að kynnast sínum hverfisskóla og taka þátt í öðru skólastarfi með samnemendum sínum. Gert er ráð fyrir því að þau fjögur íslenskuver sem borgin rekur renni inn í móttökudeildir viðkomandi skóla. Stefnt verði að því að opna 15 móttökudeildir haustið 2026 í þeim skólum þar sem eftirspurnin er mest. Tillagan verði innleidd að fullu árið 2027. Áætlaður kostnaður vegna þessa nemur 210 milljónum króna á árinu 2026. Kostnaðurinn gerir ráð fyrir rekstri móttökudeilda frá haustinu 2026. Samhliða því verði fjármagn sem áætlað er í íslenskuver lækkað um 100 milljónir sem samsvarar rekstri þeirra haustið 2026.


Greinargerð

Fjölgun barna af erlendum uppruna og áskoranir skólakerfisins

Markmið tillögunnar er að skapa mjúka lendingu í íslenskt skólakerfi fyrir börn af erlendum uppruna sem eru nýflutt til Íslands. Á undanförunum árum hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað verulega í íslenskum grunnskólum. Í fjórum grunnskólum í Reykjavíkurborgar er meira en helmingur nemanda af erlendum uppruna og í einum skóla eru 85% barna af erlendum uppruna. Grunnskólar borgarinnar og starfsfólk þeirra hafa lagt sig fram við að mæta þessum börnum og styðja við framgang þeirra skólagöngu. Það hefur ekki verið án áskorana. Fjölgun nemenda sem tala ekki íslensku hefur reynt á innviði skólanna og getu þeirra til að mæta nemendum með íslenskukennslu og félagslegum stuðningi sem er mikilvægur til að tryggja mjúka lendingu í nýtt skólakerfi.

Þróun hlutfalls fjöltyngdra barna á grunnskólaaldri 2015-2024

Hlutfall fjöltyngis hjá börnum í grunnskólum í Reykjavík - Eftir miðstöðvum og árum



Mynd: skóla- og frístundasvið. Myndin sýnir þróun hlutfalls fjöltyngdra barna á grunnskólaaldri 2015-2024.

Tillaga Framsóknar um móttökudeildir

Tillagan Framsóknar gengur út á að börn fái fyrstu mánuðina tækifæri til að einbeita sér að íslenskunámi og aðlögun að samfélaginu áður en þau hefja nám í almennum bekk. Þannig getum við stuðlað að því að börn séu betur undirbúin til að takast á við nám. Með því að hafa móttökudeildir í öllum skólum gefst börnum tækifæri til þess að kynnst sínum hverfisskóla og taka þátt í öðru skólastarfi með samnemendum sínum. Í dag gefst erlendum börnum kostur á að fara í íslenskuver á fjórum stöðum í borginni en gagnrýnt hefur verið að þau séu of fá og biðlisti eftir þjónustunni enda rekur Reykjavíkurborg 38 grunnskóla.

Niðurstöður úttektar á íslenskuverum

Í úttekt sem gerð var á íslenskuverum Reykjavíkurborgar kemur fram að „staðsetning sem kallar á langar og flóknar samgöngur er ekki hentugt úrræði“ og það henti nemendum illa að tilheyra tveimur skólum á sama tíma.¹ Kennarar hafa bent á að það sé betra fyrir nemendur að vera á sama stað 5 daga vikunnar þar sem það stuðli meðal annars að auknum stöðugleika og samfelli í samskiptum og námi.² Í úttektinni er bent á að í raun hefur orðið til tvöfalt kerfi utan um íslenskukennslu barna af erlendum uppruna. Annars vegar í heimaskólum fyrir þá nemendur sem ekki komast að í íslenskuverum og hins vegar fyrir þá sem komast að í íslenskuverum. Það hefur skapað óþarfa flækjustig og ósamræmi í þjónustu.³ Með því að bjóða upp á móttökudeildir í fleiri skólum mætti draga úr flækjustigi, samræma námið betur, styrkja íslenskukennslu og hraða aðlögun nemanda að íslensku skólaumhverfi. Ásamt því að styðja starfsfólk skóla og frístundar- og félagsmiðstöðva við inngildingu barna. Í ofangreindri úttekt sem gerð var á íslenskuverum Reykjavíkurborgar kemur fram að mikill vilji er á meðal fagfólks

¹ (Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Pesková. (Júni 2025). Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar – Skýrsla. Höfundar.)

² (Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Pesková. (Júni 2025). Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar – Skýrsla. Höfundar.)

³ (Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Pesková. (Júni 2025). Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar – Skýrsla. Höfundar.)

um að koma á fót íslenskuverum í öllum skólum.⁴ Það sjónarmið er í anda þessarar tillögu en hér er þó gengið lengra en gert er ráð fyrir auknum stuðningi við foreldra og almenna fræðslu um íslenskt skólaumhverfi og menningu.

Sveigjanleiki í útfærslu móttökudeilda

Ljóst er að þörfin fyrir móttökudeildir er ólík eftir skólum og því gerir tillagan ráð fyrir því að skóla- og frístundasvið hafi svigrúm til að meta umfang starfsemi móttökudeilda í hverjum skóla. Einnig er gert ráð fyrir að starfsfólk geti færst á milli móttökudeilda innan skólahverfa til þess að geta mætt þörfum skólanna hverju sinni.

Áskoranir barna sem hefja nám án íslenskukunnáttu

Eðli máls samkvæmt er krefjandi fyrir börn sem tala ekki íslensku að hefja nám í íslenskum bekk þar sem kennslan fer alfarið fram á íslensku. Þau standa þá oft frammi fyrir miklum tungumálaörðugleikum og eru samhliða að reyna að fóta sig í nýrri menningu. Þetta getur gert þeim erfitt fyrir að taka virkan þátt í náminu og skapa tengsl innan skólasamfélagsins. Talsverð hættu er á því að þessi börn einangrist í kennslustundum. Kennarar hafa bent á þá áskorun að kenna í bekk þar sem hluti nemenda skilur ekki kennslumálið. Með því að gefa börnum tíma til að byggja upp grunnfærni í íslensku áður en þau hefja nám í bekk, minnkar álagið á kennara og það skapast betra vinnuumhverfi fyrir alla, bæði nemendur og starfsfólk.

Tökum betur á móti börnum og fjölskyldum

Móttökudeildir eru kjörinn vettvangur til þess að styðja við farsæla inngildingu (e. inclusion) barnafjölskyldna. Mikilvægt er því að börn af erlendum uppruna fái ekki aðeins stuðning við íslenskunám heldur einnig fræðslu um ríkjandi menningu, siði og samfélagshætti. Slík fræðsla getur hjálpað þeim að skilja betur nýtt umhverfi og dregið úr menningarárekstrum þegar þau fara síðar inn í hefðbundna bekk. Það gerir börnum án íslenskukunnáttu lítinn greiða að fara beint bekkjarkennslu án þess að hafa fengið markvissan stuðning við að læra íslensku og skilja betur nýtt samfélag.

Traustur grunnur lagður að íslenskunámi

Útfærslur af móttökudeildum eða tungumálabekkjum eru vel þekktar bæði hérlandis og víða erlendis. Þær styðja við börnin og mæta þeim með skilningi á því að það tekur tíma að læra nýtt tungumál og aðlagast nýju samfélagi. Móttökudeildir í heimaskólum nálgast þannig af raunsæi móttöku barna af erlendum uppruna sem tala ekki íslensku. Með því að tryggja grunnfærni barna í íslensku áður en þau hefja hefðbundið bóknám er verið að byggja upp traustan grunn fyrir framtíðar námsframvindu þeirra.

B-2 Tillaga um túlkapjónustu fyrir foreldra

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að takmarka almenna endurgjaldslausa túlkapjónustu í grunnskólum fyrir foreldra barna af erlendum uppruna, sem tala ekki í íslensku, við þrjú ár frá komu þeirra til Íslands. Túlkapjónusta eftir þrjú ár verði áfram í boði gegn gjaldi. Tillagan er lögð fram samhliða tillögu um íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku en markmiðið með því að bjóða upp á íslenskukennslu er meðal annars að draga úr þörf á túlkapjónustu til langs tíma og auðvelda samskipti foreldra og skóla. Takmörkunin um þrjú ár gildir ekki þegar um sérstaklega mikilvæga hagsmuni barnsins er að ræða svo sem réttindi og skyldur barns eða alvarleg veikindi. Skal þá leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Takmörkunin á ekki við um táknmálstúlkun. Áætlaður árlegur kostnaður við túlkapjónustu er nú um 80 milljónir

⁴ (Hermína Gunnþórsdóttir og Renata Emilsson Pesková. (Júni 2025). Úttekt á Íslenskuverum Reykjavíkurborgar – Skýrsla. Höfundar.)

króna á ári. Ætla má að aðgerðin feli í sér lækkun á kostnaði sem nemur 40 milljónum til næstu ára.

Greinargerð

Á undanförunum árum hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað verulega í íslenskum grunnskólum. Grunnskólar borgarinnar og starfsfólk þeirra hefur lagt sig fram við að mæta þessum börnum og styðja við framgang þeirra skólagöngu. Það hefur ekki verið án áskorana. Fjölgun foreldra sem tala ekki íslensku hefur meðal annars falið í sér aukinn kostnað við túlkapjónustu. Tillagan er lögð fram samhliða tillögu um íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku en markmiðið með því að bjóða upp á íslenskukennslu er meðal annars að auðvelda foreldrum að læra íslensku, auka tækifæri til virkar þátttöku í námsferli barna sinna og minnka þörfina á túlkapjónustu til langs tíma.

Víða erlendis er ekki boðið upp á túlkapjónustu í skólum. Í dæmaskyni má nefna að í París er ekki boðið upp á neina túlkapjónustu, ekki einu sinni við innritun barna í skólann, en þar er hins vegar boðið upp á frönskukennslu fyrir foreldra sem auðveldar inngildingu foreldrana inn í skólasamfélagið.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólar skulu leitast við að við að veita túlkapjónustu til foreldra sem tala ekki íslensku. Ekki er sérstaklega tekið fram að hún eigi að vera endurgjaldslaus út alla grunnskólagöngu barns. Eðlilegt er að gera kröfur um að foreldrar sem ekki tala íslensku læri íslensku. Til að styðja við foreldra er því lagt til að boðið verði upp á endurgjaldslausu túlkapjónustu í þrjú ár og endurgjaldslaust námskeið í íslensku. Takmörkunin um þrjú ár gildir ekki þegar um sérstaklega mikilvæga hagsmuni barnsins er að ræða svo sem réttindi og skyldur barns eða alvarleg veikindi. Skal þá leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Takmörkunin á ekki við um táknmálstúlkun.

B-3 Tillaga um íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að bjóða foreldrum barna af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku upp á íslenskunámskeið með áherslu á orðaforða tengdum skólaumhverfinu. Lagt er til að það verði boðið upp á námskeiðið fyrir hópa foreldra í hverjum skóla eða skólahverfi eftir því sem við á. Lagt er til að það verði eitt námskeið á haustönn 6 skipti og 6 skipti á vorönn. Samtals standi þá foreldrum til boða 12 vikna grunnnámskeið í íslensku. Markmiðið með þessari tillögu er að auðvelda foreldrum af erlendum uppruna að læra íslensku og minnka þörfina á túlkapjónustu til lengri tíma. Þannig er fjárfest í íslenskunámi í stað langtíma túlkapjónustu. Lagt er til að námskeiðin verði boðin út. Áætlaður kostnaður vegna þessa nemur 40 milljónum króna á árinu 2026. Fjárhheimildir skóla- og frístundasviðs, kostnaðarstaður xx, verði þannig hækkaður til samræmis og xx lækkað um sömu upphæð.

Greinargerð

Foreldrar gegna lykilhlutverki í skólagöngu barna sinna og inngildingu þeirra inn í nýtt samfélag. Þeir styðja börnin í námi, eru í samskiptum við kennara og taka þátt í samfélaginu. Fyrir foreldra af erlendum uppruna getur skortur á íslenskukunnáttu hins vegar orðið áskorun og foreldrar af erlendum uppruna hafa lýst því að þeir upplifa tungumálakunnáttu sína sem hindrun í þátttöku í skólastarfi barna sinna.

Tillagan felur í sér að bjóða foreldrum af erlendum uppruna upp á gjaldfrjálst íslenskunámskeið sem miðar að íslenskukennslu sem tengist skólaumhverfinu. Slík námskeið auðvelda allt skólastarf, stuðla að betra samstarfi heimila og skóla, og styrkja stöðu foreldra í samfélaginu. Aukin tungumálafærni foreldra stuðlar að inngildingu, eykur sjálfstæði þeirra og gerir þeim kleift að taka virkan þátt í lífi barna sinna og samfélagsins.

B-4 Tillaga um Fjölskyldumiðstöð og Miðstöð virkni og ráðgjafar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að ráðast í skipulagsbreytingar á miðstöðvum borgarinnar þannig að þeim verði fækkað úr fjórum í tvær og eftir standi ein Fjölskyldumiðstöð og ein miðstöð Virkni og ráðgjafar. Þá verði ábyrgð á framkvæmd og rekstri málaflokks eldra fólks færð af miðstöðvum inn á skrifstofu málaflokksins á velferðarsviði.

Greinargerð

Markmið breytinga á þjónustuskipulagi Reykjavíkurborgar eru í meginatriðum þrjú:

1. Að einfalda stjórnskipulag og stytta boðleiðir. Þannig má fjölga ákvörðunum og tryggja markvissari framkvæmd þeirra.
2. Að bæta þjónustu við íbúa og stofnanir og auka sveigjanleika í þjónustu. Með því að stækka þjónustuteymi þvert á borgina má auka stöðugleika og sérhæfingu í teyllum sem sinna þjónustu við borgarbúa og stofnanir.
3. Að auka samþættingu faglegra og fjárhagslegra ákvarðana. Með því að fagleg- og fjárhagsleg ákvarðanataka sé samþætt og á einni hendi aukast líkur á að ákvarðanir um stefnu, skipulag og framkvæmd þjónustu styðji við fjárhagsleg markmið Reykjavíkurborgar.

Markmið tillögunnar er að leggja meiri áherslu á þjónustu við börn og barnafjölskyldur á grunni stefnunnar um „betri borg fyrir börn“ og innleiðingu laga um farsæld barna. Í Fjölskyldumiðstöð verði verkefni á sviði velferðar- og skólaþjónustu, Keðjan, farsæld barna og ráðgjöf. Í miðstöð Virkni og ráðgjafar starfi alþjóðateymi, ráðgjöf, virknihús, vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR-teymi) og önnur félagsþjónusta vegna fjárhagsaðstoðar.

Á grundvelli greiningar HLH ráðgjafar sem unnin var á árinu 2024 var ráðist í breytingar á framkvæmd og rekstri málaflokks fatlaðs fólks og ábyrgðin færð af fjórum miðstöðvum inn á skrifstofu málaflokksins á velferðarsviði. Lagt er til að ráðist verði í sömu breytingar hvað snertir ábyrgð á framkvæmd og rekstri málaflokks eldra fólks þannig að fagleg og rekstrarleg ábyrgð haldist í hendur.

Miðstöðvar sem í dag eru fjórar og eru þjónustu- og rekstrarkjarnar í hverfum borgarinnar (austur, norður, suður og vestur) verði lagðar niður í núverandi mynd. Í stað þess verði settir á fót tveir þjónustukjarnar sem hafa það að meginmarkmiði annars vegar að framkvæma verkefnið Betri borg fyrir börn (þjónusta við börn og barnafjölskyldur og skóla- og frístundaþjónusta) og hins vegar að veita einstaklingum sem þurfa ráðgjöf og stuðning til virkni, góða þjónustu.

Fjölskyldumiðstöð

Innan Fjölskyldumiðstöðvarinnar, sem fer með málefni sem snúa að börnum og barnafjölskyldum og skóla- og frístundaþjónustu, er veitt þjónusta fyrir bæði börn og barnafjölskyldur og stofnanir sem þau tilheyra (s.s. grunn, leikskólar og frístundastarf). Þar starfar starfsfólk velferðarsviðs (VEL) og skóla- og frístundasviðs (SFS) sameiginlega að því að veita samþætta velferðar og skólaþjónustu. Tillagan gengur jafnframt út á það sérfræðingar í málefnum barna séu í auknu mæli í nærumhverfi barna svo sem í skólastofnunum borgarinnar.

Samhliða breytingunum er mikilvægt að ráðast í sérstaka rýni á skipulagi og gæðum þjónustu innan verkefnisins Betri borg fyrir börn með það að markmiði að styrkja þá mikilvægu þjónustu og draga fram tækifæri til umbóta hvað varðar samþætta þjónustu við börn og barnafjölskyldur og stofnanir á grundvelli stefnu Betri borgar fyrir börn (BBB) og laga nr. 86/2021 um farsæld barna.

Miðstöð virkni og ráðgjafar

Innan miðstöðvar virkni og ráðgjafar starfar starfsfólk velferðarsviðs. Miðstöðin sinnir málaflokkum sem snúa að félagsþjónustu fullorðinna einstaklinga. Stjórnendur einingarinnar munu ásamt sviðsstjóra vinna að endurskipulagningu þjónustunnar verði tillagan samþykkt.

Áhersla á að auka gæði og áreiðanleika þjónustunnar

Með því að sameina frekar stjórnunarlega starfsfólk sem sinnir þjónustu annars vegar við börn og barnafjölskyldur og skóla- og frístundaþjónustu og hins vegar einstaklinga sem þurfa stuðning vegna virkni og ráðgjafar opnast möguleikar á því að auka áreiðanleika og gæði þjónustunnar (t.d. fjölmennari teymi sérfræðinga) og aukin tækifæri til frekari samvinnu, sérhæfingar og umbóta.

Verkefnið verður eftir sem áður að tryggja nærþjónustu við íbúa og stofnanir. Þrátt fyrir að skipulag og stjórnun verði í tveimur einingum í stað fjögurra þá á framkvæmd þjónustunnar að taka mið af þörfum umhverfisins. Gera þarf ráð fyrir að staðsetning starfsfólks sem veitir íbúum þjónustu verður sveigjanleg og í nærumhverfi íbúa eftir því sem þurfa þykir enda býr Reykjavíkurborg að því að eiga og/eða leigja skóla-, þjónustu- og skrifstofubyggingar víðsvegar um borgina.

Nokkur þjónustuteymi starfa nú þegar þvert á borgina og hafa þau verkefni gengið vel. Má þar nefna Keðjuna sem sinnir stuðningsþjónustu fyrir börn og barnafjölskyldur, Alþjóðateymið sem sinnir samræmdri móttöku flóttafólks og þjónustu við fólk sem hefur sótt um alþjóðlega vernd og VoR-teymið sem veitir fólki sem er að fást við heimilisleysi og flókin vanda, vettvangsþjónustu.

Verði tillögur um tvær miðstöðvar í stað fjögurra miðstöðva samþykktar er einnig lagt til að miðlægar fagskrifstofur sinni bæði faglegu- og rekstrarlegu eftirliti með þjónustupáttum. Þannig má tryggja að fagleg og rekstrarleg ábyrgð haldist í hendur.

Styrking nærþjónustu

Sífelld færri íbúar heimsækja miðstöðvannar enda hefur stafræn þjónusta aukist í samræmi við óskir íbúa um að efla slíka þjónustu. Ráðgjöf fer gjarnan fram í grunn- og leikskólum, öðrum þjónustustofnunum borgarinnar eða á heimilum íbúa. Tillagan felur í sér að aukin áhersla verði lögð á að starfsfólk miðstöðvanna nýti húsnæði borgarinnar úti í hverfunum fyrir ráðgjöf og aðra þjónustu. Þjónusta borgarinnar á að vera hreyfanleg og mæta þörfum íbúa.

Samhliða þessum breytingum er einnig lagt til að unnið verði markvisst að umbótum á stafrænni þjónustu en mikill vöxtur hefur orðið á því sviði á síðustu árum. Meðal annars vegna þessa er tímabært að huga að endurskipulagningu á þjónustu borgarinnar.

B-5 Tillaga um sölu á Landsneti

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Orkuveitunni að hefja viðræður við ríkið um sölu á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti hf. Bókfært virði eignarhlutarins er 6,2 milljarðar króna. Andvirði söluhagnaðar verði greitt til eigenda.

Greinargerð

Landsnet hf. var um áráð í eigu Landsvirkjunar, Rarik, Orkubús Vestfjarða og Orkuveitu Reykjavíkur en síðasta áratug hefur það verið stefna löggjafans að knýja fram breytingar á eignarhaldi félagsins til aðskilja eignarhald raforkuframleiðslu- og flutningsfyrirtækjum og hefur verið ráðist í lagabreytingar í samræmi við þá stefnu. Hinn 23. febrúar 2021 var undirrituð viljayfirlýsing á milli Orkuveitu Reykjavíkur og ríkissjóðs Íslands um breytingu á eignarhaldi

Landsnets hf. og vilja til að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins til ríkisins. Ekki náðist saman um verðmat eignarhlutarins og salan gekk ekki eftir. Með 4.gr laga nr.74/2021 um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 og lögum um stofnun Landsnets hf., var kveðið á um að 5. málsl. 1. mgr. 8. gr. raforkulaga skyldi mæla fyrir um að flutningsfyrirtækið Landsnet hf. skyldi vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Orkuveitan getur því samkvæmt laganna bókstaf ekki haldið á eignarhlut í Landsneti. Í lok árs 2022 samdi íslenska ríkið við Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða um kaup ríkisins á 93,22% hlut fyrirtækjanna í Landsneti og því væri það rökrétt framhald að ríkið gengi til samninga við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup hlut Orkuveitunnar. Eignarhald í Landsneti hf sem rekur flutningskerfi raforku um land allt er utan lögskyldra verkefna borgarinnar og er því lagt til að hluturinn sé seldur ríkinu. Gert er ráð fyrir að andvirði söluhagnaðar verði greitt til eigenda.

B-6 Tillaga um 1% hagræðingu á laun

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta forsendum fjárhagsáætlunar á þá leið að lögð verður á hagræðingarkrafa upp á 1% á launalið allra sviða borgarinnar nema starfsmanna í leik- og grunnskólum hjá skóla- og frístundasviði og í framlínubjónustu velferðarsviðs. Áætla má að hagræðingaraðgerðin nemi um 567 milljónum króna.

Greinargerð

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg lagt hagræðingarkröfu á svið borgarinnar til þess að halda aftur af hallarekstri og tryggja að fjöldi stöðugilda haldist innan rammaúthlutunar. Í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár er ekki lögð nein hagræðingarkrafa á svið borgarinnar og alfarið horfið frá aðhaldi í rekstri. Þessu vill Framsókn breyta. Þar sem stöðugildum í starfsemi leik- og grunnskóla er úthlutað samkvæmt rekstrarlíkani nær hagræðingartillagan ekki til þeirra. Ennfremur nær tillagan ekki til starfa á velferðarsviði þar sem fyrir er undirmönnun og starfsmenn sinna skjólstæðingum borgarinnar í framlínustörfum.

B-7 Tillaga um átak í endurbótum leikvalla

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að ráðist verði í sérstakt viðhaldsáttak á leikvöllum í borgarlandinu að fjárhæð 300 milljóna króna. Tillagan felur í sér að þær 80 milljónir króna, sem nú eru á fjárfestingaráætlun vegna stækkunar selalaugarinnar, verða teknar af þeim kostnaðarlið og verði í staðinn varið til viðhalds og endurbóta á leikvöllum. Aukinn kostnaður borgarinnar nemur því 220 milljónum króna.

Greinargerð

Tillagan er lögð fram til að bregðast við þeirri viðhaldspörf sem víða er á leikvöllum borgarinnar. Leikvöllir eru mikilvægir fyrir leik, öryggi og daglega útivist barna og því brýnt að tryggja að þeir séu í góðu, öruggu og nothæfu ástandi. Lagt er til að 80 milljónum króna, sem nú eru á fjárfestingaráætlun vegna stækkunar selalaugarinnar í Húsdýragarðinum, verði í staðinn varið í endurbætur og viðhaldsáttak á leikvöllum borgarinnar. Jafnframt verði 220 milljónum króna bætt við verkefnið til að tryggja að umfang og gæði átaksins nái til sem flestra leikvalla. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera ástandsskoðun og leggja til forgangsörðun framkvæmda. Með þessu er fjármunum forgangsraðað í verkefni sem nýtist breiðum hópi íbúa og eykur öryggi, aðgengi og ánægjulega upplifun barna og fjölskyldna af borgarlandinu.

B-8 Tillaga um íþróttastarf eldri borgara

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna sjóð sem hefur það hlutverk að styðja við skipulagt íþróttastarf og lýðheilsuverkefni eldri borgara í gegnum hverfisíþróttafélög í Reykjavík. Fjárhéimild sjóðsins nemi 100 milljónum króna. Jafnframt er lagt til að menningar- og íþróttaráði verði falið að útfæra úthlutunarreglur.

Greinargerð

Þróun í aldurssamsetningu þjóðarinnar breytist á þá leið að eldra fólki fjölgar hlutfallslega meira en yngra fólki. Fjölmörg tækifæri eru til þess að efla lýðheilsu eldra fólks í gegnum skipulagt íþróttastarf. Reykjavíkurborg hefur byggt upp góða aðstöðu fyrir 9 hverfisíþróttafélög í öllum hverfum borgarinnar og nú þegar eru nokkur dæmi um að íþróttahúsin séu nýtt í þessum tilgangi. Tilvalið er að nýta húsin fyrir eldra fólk á þeim tímum sem minni eftirspurn er eftir æfingátímum fyrir börn, ungmenni og afreksfólk. Skipulagt íþróttastarf og heilsuefning eldri borgara undir leiðsögn reyndra þjálfara bætir líkamlega og andlega heilsu, dregur úr einmanaleika og eflir starfsemi íþróttafélaganna. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera ástandsskoðun og leggja til forgangsröðun framkvæmda.